



LAUFBLAÐIÐ

Fréttablað Skógræktarfélags Íslands

8. árg. 1999 3. tbl.

Nýjasta lerkitískan

Noregsferð í sumar

Gróðursetningarvélin – tæknibylting

Gleðileg jól

Héraðsfundir Skógræktarfélaganna



Frá vettvangsferð á Stjórnarsandi á svæði Skógræktarfélagssins Markar. Stæðilegur elribrúskur í baksýn og krökkt af sjálfsánum plöntum umhverfis.



Fulltrúar á héraðsfundinum á Patreksfirði. Trjágróður er að vaxa á samfelldum svæðum ofan byggðarinnar.

Á haustdögum voru haldnir sameiginlegir fundir skógræktarfélaganna, svokallaðir héraðsfundir, en Skógræktarfélag Íslands hafði staðið fyrir samskonar fundum sl. haust. Reynsla þeirra gaf tilefni til þess að halda samskonar fundi en að þessu sinni voru þeir á nýjum stöðum enda komu fram óskir um það sl. haust að halda fundina með það fyrir augum að kynnast starfi fleiri félaga. Fundirnir voru haldnir í Borgarnesi, Patreksfirði, Varmahlíð í Skagafirði, Fáskrúðsfirði, Kirkjubæjarklaustri og í Kópavogi. Héraðsfundirnir eru hugsaðir sem samstarfsvettvangur og umræðugrundvöllur um mál félaga og það sem betur mætti fara. Auk þess var farið yfir stöðu félaga, horft fram á veginn og undirbúin næstu skref auk þess að fræðast um heimafélagið og starfsemi þess.

Að jafnaði mættu um 10 manns á hvern fund en þar að auki mættu á fundina stjórnarmenn Skógræktarfélagss Íslands og starfsmenn félagsins. Þessir fundir eru mikilvægur þáttur í því að efla félagastarfið og verður væntanlega haldið áfram svo lengi sem talið er að einhver árangur sé af þeim.



Við athafnasvæði skógræktarfélagssins á Fáskrúðsfirði. Fulltrúar í lok skoðunarferðar um svæði félagsins. Þar er einnig að vaxa tápmikill trjágróður.

LAUFBLAÐIÐ

Fréttablað Skógræktarfélagss Íslands.
8. árgangur, 3. tölublað, júl 1999, á 100
ára afmæli skógræktar í landinu.

Skógræktarfélag Íslands er samband skógræktarféлага, sem byggja á starfi sjálfboda-liða. Það er málsvári félaga og hefur m.a. að markmiði að stuðla að trjá- og skógrækt, gróðurvernd og landgræðslu, auk fræðslu og leiðbeiningastarfs. Skógræktarfélagin starfa um allt land og eru 57 talsins með liðlega 7000 félagsmenn, og mynda þannig ein fjölmennustu frjálsu félagasamtök landsins sem vinna að umhverfismálum. Með því að gerast félagsmaður í skógræktarfélagi styður þú gott málefni, auk þess að tengjast lifandi félagsskap þar sem fram fer fjölbreytt félags- og fræðslustarf.

Laufblaðið er sent endurgjaldslaut til allra félagsmanna í skógræktarfélagunum.

Með því að gerast félagsmaður í skógræktarfélagi færð þú Laufblaðið og Frækornin send heim reglulega.

Útgefandi: Skógræktarfélag Íslands, Ránar-götu 18, 101 Reykjavík, sími: 551-8150.

Ritstjóri: Jón Geir Pétursson skógræðingur, netfang: skogis.igp@simnet.is.

Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Ábyrgðarmaður: Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri.

Prentvinnsla: Prentsmiðjan Viðey ehf.

Stjórn Skógræktarfélagss Íslands. Á aðalfundi Skógræktarfélagss Íslands að Laugarvatni í ágúst var kosin ný stjórn félagsins. Stjórnin hefur skipt með sér verk-

um sem hér segir: Formaður Magnús Jóhannesson, varaformaður Vignir Sveinsson, gjaldkeri Sigríður Jóhannsdóttir, ritari Björn Árnason, meðstjórnendur: Ólafía Jakobsdóttir, Sigurður Arnarson, Þorvaldur S. Þorvaldsson. Varamenn: Hólmfríður Finnboga-dóttir, Trausti Tryggvason, Þuríður Yngva-dóttir.

Gefið út í 7500 eintökum.

Forsíðumynd:

Forsíðumyndin er af Baulu og Hraunsnefsöxl í Norðurárdal í Borgarfirði. Myndin er tekin frá bænum Litlaskarði en hann er í hjarta þess stóra friðlands sem girt hefur verið í svokallaðri Ystutungu, en svo kallast sá hluti Stafholtstunga sem liggur vestan Norðará og norðan Gljúfurár. Mynd JGP/SÍ

FJÖLBREYTT STARF HJÁ SKÓGRÆKTARFÉLAGI HEIÐSYNNINGA

Starf Skógræktarfélags Heiðsynninga hefur verið með miklum blóma á árinu, en það starfar á sunnanverðu Snæfellsnesi. Félagar hlúðu að plöntum og gróðursettu í landgræðslugirðingum í Hrossholtslandi og reit félagsins í Hofsstaðalandi. Þar er nú búið að koma fyrir bekkjum og borði auk þess sem sett var þar grill í sumar svo ferðamenn og aðrir hafa þarna góða áningaraðstöðu. Í Hofsstaðaskógi var plantað 1200 svokölluðum „viðbótarskóga-plöntum“. Á síðastliðnu vori var haldið námskeiði um skógrækt fyrir félagsmenn. Um svipað leyti var keyptur staurabor og var kennt á hann á námskeiðinu. Hann er nú leigður til félagsmanna og hefur verið talsvert í notkun.

gróðursetningu og skógrækt og plantað þar á eftir. Eldri nemendur tóku að sér yngri nemendurna og kenndu þeim og aðstoðuðu. Plantað var 100 plöntum af Hrímu og er von okkar að á næstu árum verði plantað fleiri tegundum svo fallegur trjálundur verði á bökkum Haffjarðarár í framtíðinni. Er áætlað að gróðursetning og skógrækt verði árleg viðfangsefni í starfi Laugagerðisskóla á næstu árum.

Daníel Hansen
ritari Skógræktarfélags Heiðsynninga.

Nemendur Laugagerðisskóla hafa fengið plöntur úr Yrkjusjóði og gróðursett í nágrenni skólans. Í haust var samstarf við skógræktarfélagið á þann hátt að það lagði til stauraborinn og eldri nemendur boruðu holur fyrir plönturnar. Síðan var kennsla í

Í Hofsstaðaskógi hefur Skógræktarfélag Heiðsynninga komið upp ágætri útivistaraðstöðu með stígum, grilli, borði og bekkjum. Mynd (JGP)



Vex þekking á trjám?

Þekking er eins og tré. Til að geta vaxið og dafnað þarf hún sitt rétta umhverfi, sína næringu, sína rækt.

Að rækta tré – að rækta skóg – að rækta þekkingu.

Samnefnari alls þessa býr að baki útgáfu Skógræktarritsins.



Áskrift að Skógræktarritinu, Ársriti S.Í., kostar einungis kr. 1.500,- (burðargjald innifalið). Auk þess er hægt að fá keypt rit árin 1931–1998 á kr. 16.000 (+póstburðargjald) (hluti ljósrit) árin 1988–1998 á kr. 8.000 árin 1994–1998 á kr. 5.000

Hafðu samband í síma: 551-8150, fax: 562-7131 eða netfang: skogis.fel@simnet.is

SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS
Áskriftarsími er: 551-8150



GARDHEIMAR
GRÓÐURVÖRUR VERSLUN
SÖLUFÉLAGS GARDYRKJUMANNA
Stekkjarsbakka 6 - Reykjavík
Sími 540 3300



VEÐURSTOFA ÍSLANDS



FRJÓ HF



RARIK



AKO/Plastos

Sameinað öflugt fyrirtæki á Akureyri og í Reykjavík

Græðum landið fyrir framtíðina

Áburðarverksmiðjan býr að 40 ára reynslu og þekkingu í framleiðslu áburðar. Þar eru nú framleiddar 16 tegundir af tilbúnum áburði.

Auk þess hefur verksmiðjan á boðstólum innfluttan áburð í úrvali.

Stuðlum að því að græða landið fyrir okkur og komandi kynslóðir.



ÁBURÐARVERKSMIÐJAN HF.



STEYPUMÓT FYRIR SUMARBÚSTAÐI



• Steypumót undir sólpallinn og sumarbústaðinn

• Smiðum eftir máli

• Fljót og góð afgreiðsla

HAGBLIKK ehf.

Smiðjuvegi 4c 200 Kópavogur
Sími 587 2202 Fax 587 2203

ÍSLENSKIR
OSTAR
HREINASTA
AFBRAGÐ



www.ostur.is

Nýtt merki Skógræktarfélags Garðabæjar



Á hátíðafundi hinn 24. nóvember 1998 í tilefni af tíu ára afmæli Skógræktarfélags Garðabæjar ákvað stjórn félagsins að láta hanna merki, sem notað yrði á fána, skilti, barmmerki, bréfsefni, o.fl. fyrir félagið.

Stjórninni var kunnugt um að kennsla í merkjahönnun fer fram innan deildar í grafískri hönnun við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og að raunveruleg verkefni eru nemendum oft kærkomin.

Stjórn félagsins sneri sér því til Myndlista- og handíðaskólans og lýsti áhuga sínum á að efna til samkeppni meðal nemenda í grafískri hönnun um félagsmerki. Stjórnin bauð að veita þrenn verðlaun fyrir bestu tillögur auk þess sem deildinni yrði greidd nokkur upphæð fyrir að annast samkeppnina. Ef einhver tillagan yrði samþykkt sem merki Skógræktarfélags Garðabæjar myndi höfundur hennar fá greidda aukabókun fyrir að fullvinna hana. Skemmst er frá að segja að samningar tókust bæði fljótt og vel.

Undir leiðsögu Gísla B. Björnssonar, kennara í merkjahönnun til margra ára, komu fram fjölmargar tillögur frá 16 nemendum á fyrsta ári í hönnunarnáminu. Dómnefnd á vegum Myndlista- og handíðaskólans valdi síðan þrjár þeirra til verðlauna. Eftir nokkrar vangaveltur ákvað stjórn Skógræktarfélags Garðabæjar að semja við Björgvin Sigurðsson um nánari útfærslu á tillögu hans, en hún hafði fengið 1. verðlaun í samkeppninni.

Skógræktarfélag Garðabæjar hefur oft kynnt sig sem „Félag fyrir alla fjölskylduna“. Nemendum við Myndlistaskólann var m. a. bent á, að vel mætti hafa þetta til hliðsjónar þegar þeir gerðu tillögur að merki félagsins.

Í hinu nýja merki félagsins er fjölskyldan sýnd á táknrænan hátt undir fagurri trjákrónu.

Sigurður Björnsson
Skógræktarfélagi Garðabæjar

Stundarðu skógrækt? Ertu veiðimaður? Áttu sumarbústað?

Nú getur þú eignast loftmynd af þinni sveit

Bylting í prentun stafrænna ljósmynda

Opnum verslun að Skólavörðustíg 20 í Reykjavík

Loftmyndir ehf er vaxandi fyrirtæki sem sérhæfir sig í töku loftmynda, stafrænni myndvinnslu og kortagerð. Myndirnar eru í lit, prentaðar með ljósænni aðferð á hefðbundinn ljósmyndapappír og geta orðið allt að 124 x 246 cm að stærð.

Sími: 540 2500

 Loftmyndir ehf

**Ferðaskrifstofa Austurlands**
Sími 471 2000 - Fax 471 2414

**Sparisjóður
Mýrasýslu**

Gróðrarstöðin Réttarhóll

Svalbarðseyri Sími: 461-1660 & 899 8352
Veffang: <http://www.est.is/gr/>

- Tré og runnar,
- fjölær blóm,
- flestar tegundir sumarblóma,
- pottablóm,
- skógarplöntur í bökkum,
- Lánun gróðursetningaráhöld

Opnir alla vörka daga frá kl.10-22 og laugardaga og sunnudaga frá kl.10 - 18

SÉRFRÆÐINGURINN SVARAR


JÓLATRÉ - FRAMLEIÐSLA OG MEÐHÖNDLUN FYRIR JÓLIN

Núna þegar líður að jólum er ekki úr vegi að rifja upp hvernig best er að meðhöndla jólatré. Í þessum þætti „Sérfræðingurinn svarar“ er ætlunin að fjalla um meðhöndlun á lifandi jólatrjáum.

Jólatrjáframleiðsla


Byrjað var að höggva jólatré úr íslenskum skógum að einhverju marki árið 1968. Síðan þá hafa verið framleidd hér tré jafnt og þétt eins og sést á meðfylgjandi mynd, mest rúmlega 12.000 tré árið 1987. Einnig hafa verið flutt inn jólatré, mest frá Danmörku eða um 25-30 þús. tré árlega.

Hér á landi eru framleidd um 10.000 jólatré árlega. Þau eru allvið höggvin úr skógum landsins, þó mest í Skorradal. Rauðgreni er algengasta tegundin, stafafura næst en síðan sitkagreni, blágreni og fjallapínur.



Meðhöndlun lifandi jólatrjáa

Nauðsynlegt er að jólatréni fái rétta meðhöndlun. Þegar við fáum afskorin blóm er það okkar fyrsta verk að setja þau í vatn. Allir vita að blóm á borð við rósir og nellikur eru fljót að sölna ef þeim er ekki tryggt nægt vatn. Sömu lögmál gilda fyrir lifandi jólatré. Þeim má líkja við afskorin blóm sem þurfa umhirðu og alúð til að standa sem lengst. Til að tryggja það að jólatréð standi vel yfir jólin mælum við með



eftirfarandi atriðum:

A. Eftir að tréð hefur verið keypt þarf að geyma það í netinu uppistandandi á skjólgóðum stað. Köld geymsla eða bílskur er einnig heppilegur geymslustaður.

B. Söguð er þunn sneið, u.þ.b. 2-3 cm neðan af stofni trésins áður en það er sett í jólatrésfótinn. Þannig opnum við leiðina fyrir vökvastreymi upp tréð.

C. Áður en tréð er sett í fótinn er gott að rennibleyta það, t.d. með því að setja það í baðker yfir nótt.

D. Nauðsynlegt er að nota jólatrésfót sem tekur vatn. Bæta þarf reglulega á vatni og tryggja að það klárast aldrei.

Þessar reglur eiga við um öll lifandi jólatré. Sé verið með rauðgrenitré sem er hið klassíska jólatré er hægt að mæla með eftirfarandi aðferð, sem hefur reynst afburða vel til að tryggja það að tréð haldi barri.

1. Þegar tréð er tekið inn er söguð 2-3 cm sneið neðan af stofninum og berkinum síðan flett af neðstu 10 cm stofnsins.

2. Að því loknu er trénu síðan stungið í pott með u.þ.b. 15 cm djúpu sjóðandi vatni, þannig að það hylji óbirkta svæðið og tréð síðan látið standa í pottinum þangað til vatnið er orðið kalt.

3. Tréð er látið í jólatrésfótinn fylltan af vatni og þess vandlega gætt að það þorni aldrei upp. Tréð drekkur sérstaklega mikið vatn fyrstu tímuna eftir suðuna.

Þessi sáraeinfalda aðgerð tryggir það að rauðgrenitréð standi ilmandi ferskt og jólalyktin angi langt fram yfir þrettándann.

Viljum við benda lesendum á að með því að kaupa íslenskt jólatré er verið að styrkja íslenska skógrækt og um leið atvinnu í landinu. Fyrir hvert selt jólatré gróðursettum við 30 ný í staðinn.

VELJUM ÍSLENSKT JÓLATRÉ FRÁ SKÓGRÆKTARFÉLÖGUNUM

Með því að velja íslenskt jólatré styrkir þú skógræktarstarfið í landinu. Fyrir hvert selt jólatré geta skógræktarfélagin gróðursett 30-40 ný tré.

GLEÐILEG JÓL

ÍSLENSK JÓLATRÉ

Fólk velur sitt eigið tré úr skóginum



Skógræktarfélagin hafa í vaxandi mæli boðið fólki í skóginum til að höggva sér sitt eigið jólatré. Varla er hægt að hugsa sér betri tilbreytingu frá jólastressinu en að fara með fjölskyldunni í skógin á aðventunni, taka með sér sög og velja jólatré úr skóginum.

Skógræktarfélag Íslands ræktar jólatré á Ingunnarstöðum í Brynjúdal í Hvalfirði. Nokkur fyrirtæki hafa fengið að koma í

skóginum og starfsmenn þeirra höggvið sér þar eigið tré. Lætur nærri að um 1000 manns hafi komið í skógin á Ingunnarstöðum þeirra erinda núna fyrir jólin. Þessar myndir voru teknar þegar starfsmenn Eimskipafélags Íslands komu í skógin núna á aðventunni í fylgd Stekkjarstaura og Hurðaskellis.

Myndir (JGP)



Ræktendur við sjávarsíðuna!

Við færum ykkur hafsþjó af fróðleik!

Í ritinu er m.a. fjallað um saltsemdir, meindýr, sjúkdóma í trjágróðri, gildi áborðar við trjárækt, harðgerði plantna, regnslu ræktenda og fleira. Einnig plöntulisti með trjágróðri sem þrífst við sjávarsíðuna.

Ræktendur ættu ekki að láta þetta rit framhjá sér fara.

Greinahöfundar í ritinu eru:

- Adalsteinn Sigurðsson, forstjumiðgjafi Mjóðul
- Audur L. Ottósson, garðræktunarlæsi
- Einar Halldórsson, jarðvegðfræðingur
- Einar Óðubjörn, áhræðingur
- Guðmundur Halldórsson, skógræktunarlæsi
- Hallgrím Sveinsson, plöntusjúkfræðingur
- Hilmar Ólafur Sigurðsson, jarðvegðfræðingur
- Hrann Ólafsson, sjúkdæðingur
- Þorgerður Ragný Ólafsson, skógræktunarlæsi

Ritstjórnir: Audur L. Ottósson

RIT & RÆKT ehf
Hafsló 14 • Pósti 89
270 Mosfellsbær
Sími: 58 68 003

Við ræktum, ræktum við sjávarsíðuna. Færst hjá útgefanda og kostar aðeins kr. 699.-

spennubreytar
TRANSFORMERS

ENDURVINNSLAN HA
Sími 588 8522



KÓPAVOGSBÆR

Árborg

VSÓ



VINNUSKÓLI REYKJAVÍKUR

Morgunblaðið



TRÉSMÍÐJA
PRAINS E. GÍSLAÐNAR 3F.
Vesturgötu 14 • Akranesi
Sími: 430 3660 • Farsími: 893 6973
Bréfumi: 430 3666

PRENTSMÍÐJAN
VIÐEY ehf.

GRÓÐURSETNINGARVÉLIN

Tæknibylting í gróðursetningarstarfinu

Markús Runólfsson, formaður Skógræktarfélags Rangæinga, hefur undanfarin ár unnið að smíði gróðursetningavélar til þess að auka afköst og bæta árangur gróðursetningarstarfsins. Góður árangur þess að nota vélin er nú rækilega að koma í ljós á fjölmörgum svæðum. Miðað við þann tímasparnað og mikil gæði gróðursetninganna er í raun hægt að líkja tilkomu hennar við byltingu. Að geta jarðunnið, djúpplantað, borið á og sáð lúpínu samhliða því að stórauka gróðursetningarafköstin getur skipt miklu fyrir skógræktarstarfið í landinu. Laufblaðið fékk Markús til að gera lesendum nánari grein fyrir gróðursetningavélinni.



Markús og gróðursetningavélin. (JGP)



Nýgróðursett alaskaasparplanta í plógfari gróðursetningavélarinnar. (BJ)

Nú er gróðursetningavélin orðin að alvörutæki, sem hægt er að nota til flýtis og hægðarauka við breytilegar aðstæður og mismunandi jarðvegsgerðir.

Vélin gerir plógfari í jörðina, jarðvinnur í plógfarinu, gerir rauf í plógfarinu sem plöntunni er stungið ofan í, fyllir í raufina af jarðvegi og þá er gróðursetningu lokið. Vélin setur áburðarskammt í raufina undir plöntuna og getur sáð lúpínufræi í plógfarið milli plantnanna sé þess óskað.

Vélin er knúin af tveggjadrifa dráttarvél 70 hestaflla eða stærri. Tveir menn vinna við gróðursetninguna, annar stjórnar dráttarvélinni en hinn situr á plöntunarvélinni og tínir plönturnar ofan í raufina og heldur þeim réttum andartak meðan vélin leggur jarðveginn mjúklega að rótum plöntunnar.

Við góðar aðstæður, sæmilega slétt land

og stórar spildur geta afköstin farið yfir 1000 plöntur á klukkustund og hafa komist í 1500 plöntur. Þá er áburðargjöfin og lúpínusáningin innifalin.

Kostir þessarar aðferðar eru margir. Plönturnar lenda í góðu skjóli ofan í plógfarinu, þær lenda í unnu landi, illgresi hefur verið bægt frá og áburðurinn lendir undir rótum plantnanna. Allt stuðlar þetta að góðum vexti plantnanna eins og dæmin sanna. Plönturnar eru gróðursettar tiltölulega djúpt og fyrir utan það að skapa skilyrði fyrir gott rótarkerfi, sem þjónar trjánum langt fram eftir ævi, hindrar það kalskemmdir og frostlyftingu, á fyrsta æviskeiði. Afföllin á fyrsta ári nálgast núllið og vöxtur mjög góður. Svo eru mikil afköst góður kostur og ættu að geta minnkað kostnað við útplöntun um 50%. Líka blasir við að það verður hægt að gróðursetja stærri hluta plantnanna á besta tíma ársins, þ.e. snemma vors eða síðla hausts.

Næsta vor stendur til að gefa mönnum

kost á að fá gróðursett með þessu ágætis tæki. Menn geta sparað sér peninga með því að leggja fram dráttarvél og mann og annan, ef unnið yrði á vöktum. Gert er ráð fyrir að geta farið hvert á land sem er. Þeir sem áhuga hafa á að notfæra sér þetta og fá það nokkuð tryggt að gróðursett verði á góðum tíma þurfa að hafa samband sem fyrst eða fyrir janúarlök í síma 487 -8051 eða 551-8150.



Sitkagreniplanta ári eftir gróðursetningu. Takið eftir lúpínunni sem hefur komið upp í plógfarinu, en vélin sáir lúpínufræi samhliða gróðursetningu og áburðargjöf. (BJ)

UPPLÝSINGALINDIR UM UMHVERFISMÁL

Umhverfisvefurinn: <http://www.umvefur.is>
Umhverfissráðuneytið: <http://www.umh.stjr.is>




UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ



Vel heppnaðar elrigróðursetningar á Markarfljótsaurum. (SJ)

Vakin er athygli á því að þessi aðferð gengur ekki í bröttum brekkum né mjög grýttu landi. Ennfremur má geta þess að það hentar ágætlega að gróðursetja stiklinga með vélinni, þeir mega gjarnan vera 30 cm langir og 20 cm væru þá í jörð en 10 cm stæðu upp úr jarðveginum. Það er ekkert verra að þeir séu byrjaðir að ræta sig eða springa út.



Hér stendur Markús við plógfarið. Gróðursett hefur verið alaskaösp í eldri lúpinubreiður. Framtíðar skógræktaraðferð. (SJ)

Markús Runólfsson
form. Skógræktarfélags Rangæinga



**GARÐYRKJUSTJÓRI
REYKJAVÍKURBORGAR**



**Garðyrkjustöðin
Gríðará
Sími 463 1129**



VÉLAVER~



HVAR VILL FÓLK VERA? ÁRLEG AÐSÓKN AÐ ÝMSUM SVÆÐUM OG VIÐBURÐUM

Gestir á Heiðmörk um 200.000 Heimild: Skógræktarfélag Reykjavíkur

Gestir í Kjarnaskógi um 150.000 Heimild: Skógræktarfélag Eyfirðinga

Fjöldi áhorfenda á leikjum úrvalsdeildar karla í knattspyrnu 80.762

Heimild: Mbl. 9. október - íþróttablað

Gefa öndunum á Tjörninni í Reykjavík brauð um 100.000


Heimild: RÚV - nóvember 99

Sækja Þjóðleikhúsið/Borgarleikhúsið um 180.000

Heimild: Mbl. 10. október

Sækja sjálfstæðu leikhúsin í landinu um 210.000

Heimild: Mbl. 10. október



Eitt af markmiðum skógræktarfélaganna í landinu er að rækta skóga aðgengilega almenningi til útivistar - útivistarskóga. Á vegum félaganna eru fjölmörg aðgengileg svæði allt í kringum landið, sem fólk getur sótt heim þegar hentar. Tvö fjölsótt svæði skógræktarféлага eru Heiðmörk við Reykjavík í umsjón Skógræktarfélags Reykjavíkur og

Kjarnaskógur við Akureyri í umsjón Skógræktarfélags Eyfirðinga. Þetta eru einnig einu svæði félaganna þar sem framkvæmdar hafa verið talningar á fjölda gesta. Laufblaðinu lék hugur á að bera saman þátttöku fólks í ýmsum viðburðum í samanburði við aðsóknartölur úr skógunum.

Meðfylgjandi mynd sýnir aðsókn í þessa

tvo skóga í samanburði við ýmsa aðra staði og viðburði. Þetta sýnir glögglega hversu mikið þessi svæði eru sótt. Í þessu sambandi er líka mikilvægt að hafa í huga að á vegum skógræktarfélaganna eru fjölmörg önnur svæði þar sem ekki hafa verið framkvæmdar talningar.

Að tolla í lerkítiskunni



Kjöllinn með lerkílvafi sem vann til 1. verðlauna. T.v. módel, Fanney Eiríksdóttir, vinkona hönnuðarins og verðlaunahafans, t.h., Ingu Rögnu Ingjaldsdóttur. Takið eftir handtöskunni sem einnig er hluti af hönnun Ingu.

Ungt fólk finnur upp á bráðskemmtilegum hlutum. Laufblöðungur rakst nýverið á athyglisvert dæmi um frumlega útfærslu á nýtingu lerkis hjá ungri stelpu í Garðabæ en hún vann til 1. verðlauna í hönnunarkeppni allra grunnskóla á landinu, sem haldin var fyrsta sunnudag í aðventu þann 28. nóv. sl. Til marks um þátttökuna þá kepptu í úrslitakeppninni á annað hundrað keppendur. Þessi yngismey, f. 86. Inga Ragna Ingjaldsdóttir, komst í úrslitakeppnina með því að leggja fram teikningu af lerkikjól sem grunnhugmynd. Þegar kom að útfærslu og hönnun kjólsins var haft samband við skógarvörðinn á Hallormsstað, Þór Þorfinnsson, sem með glöðu geði lagði til allt viðarefni í kjólinn, sem samanstendur af örpunnum lerkiræmum. Án þess að vita nákvæmlega hvað hefur ráðið úrslitum um 1. sætið er þessi frétt staðfesting á því að ungt fólk skortir ekki frumlegar hugmyndir og því ekkert sem hindrar komandi kynslóð í því að nota afurðir skógarins á margvíslegan hátt. Kannski hefur frumleiki hugmyndarinnar ef til vill ráðið miklu um niðurstöðu dómnefndar. Hvað sem því líður er hugmyndaskortur áreiðanlega það eina sem getur takmarkað notkun skógarins og þess sem hann gefur.

Við óskum þessum athyglisverða vinningshafa innilega til hamingju með sigurinn og vonum að hún eigi glæsta framtíð á þessum vettvangi.

KYNNISFERÐ TIL ALASKA OG KANADA HAUSTIÐ 2001

Í samvinnu við Landssamband skógar eigenda hefur Skógræktarfélag Íslands staðið fyrir kynnisferðum til útlanda. Núna er hafin skipulagning á ferð til vesturstrandar N-Ameríku haustið 2001, væntanlega í september.

Ráðgert er að ferðin taki tvær vikur og verði ferðast um skóga vesturstrandarinnar en þangað höfum við sótt margar trjátegundir til ræktunar hér, eins og sitkagreni, hvítgreni, stafafuru, alaskaösp og alaskavíði, svo nokkrar þær helstu séu nefndar.

Verð liggur ekki fyrir en reynt verður að halda því í lágmarki. Áhugasamir geta strax haft samband við skrifstofu Skógræktarfélags Íslands, síma 551-8150/561-8150 eða skogis.fel@isholf.is. Þeir verða þá skráðir og fá síðan sendar frekari upplýsingar.

Ný glæsileg bók

Anna Pólið Eiríksdóttir • Anna Þorvaldsdóttir • Þóráð Hrógar Eiríksdóttir

Garðurinn

Hugmyndir að skipulagi og efnisvali

340 litmyndir
80 skýringamyndir
fjöldi garðteikninga

Bókin um garðinn

Fyrsta íslenska bókin sem fjallar einkum um hönnun garðsins, fjölbreytni í skipulagi og efnisvali. Vegleg bók. 208 síður.

Sendum hvert sem er gegn póstkröfu

Garðyrkjufélag Íslands
Frakkastígur 9, 101 Reykjavík, sími og fex 552 7721



70 ára afmæli Skógræktar- félags Íslands á næsta ári

Næsta ár er ár mikilla viðburða og afmæla. Skógræktarfélag Íslands verður 70 ára en það var stofnað á Alþingishátíðinni þann 27. júní 1930.

Stjórn félagsins er um þessar mundir að vinna undirbúningsvinnu vegna afmælisins og mun í þessu skyni leita liðveislu til fyrirtækja og stofnana til þess að hægt verði að minnst þessara tímamóta með verðugum hætti.

Hugmyndir eru um að efna til samkomu á Þingvöllum. Þá er einnig í undirbúningi að rækta Aldamótaskóga á einum 5-6 stöðum á landinu þar sem almenningi gæfist færi á að taka þátt í gróðursetningu en miðað er við að gróðursetja sem svarar a.m.k. einni plöntu á hvert mannsbarn. Einnig er í undirbúningi að efna til skógarsýningar á Akureyri í lok ágústmánaðar og bjóða breiðum hóp fyrirtækja, stofnana og einstaklinga að taka þátt í sýningunni. Sýningin verður í tengslum við aðalfund Skógræktarfélags Íslands sem haldinn verður 25.-27. ágúst árið 2000.



Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu
blaðsins á 100 ára afmæli
skógræktar á Íslandi:

Aðalbakarí sf
Aerobic Sport
Almiðlun ehf
Arkís ehf
Ásgeir Sigurðsson ehf
Birta heildverslun
Bílastjarnan hf
Bílaverkstæði Guðjóns
Bjarmar ehf
Björn Traustason hf Byggingaverktaki

Blikksmiðja Einars ehf Blómaverslunin
Iðna Lísá sf.
Byggt og flutt
Dalabyggð
Daltré hf
Eggert Kristjánsson hf
Fangelsið Litla Hrauni
Ferðaþjónusta bænda Geirlandi
Ferðaþjónusta bænda Stafafelli
Flúðafiskur
Flúðaplast hf
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Framköllunarþjónustan ehf
Friðrik Jónsson ehf
G H verkstæðið
Garðyrkjuskóli ríkisins
Gistiheimilið Syðra Langholti

Glerslípun Akraness hf
Gullkistan
Gunnar Hallgrímsson
Hagur hf
Hans Petersen hf
Heilbrigðiseftirlit Vestmannaeyjum
Heimsklúbbur Ingólfs
Héraðsskjalasafn Austfirðinga
Héraðsskógar
Hitaveita Egilsstaða og Fellahrepps
Hótel Laugarhóll-Strandasýslu
Hreinsunardeild Reykjavíkurborgar
Hugver
Húsavíkurkaupstaður
Innviðir
Ísefni efnavörur ehf
Jarðefnaiðnaður hf
Johan Rönning hf
Jóhanna Sigurðardóttir
Kaupfélag Vestur-Húnavetninga
Kjörgarður Laugavegi 59
Knarrareyri hf
Kvenfélagið Fjóra
Kynnisferðir sf.
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri
Laugarnesskóli
Leikskólinn Barnaból
Megin ehf
Meistarafélag húsasmiða í Reykjavík
Optima
R Sigmundsson hf
Rafmagnsverkstæðið Neistinn ehf
Raftákn hf
Rafteikning hf
Rafveita Hafnarfjarðar
Reykjabúið hf
Ræktunarsamband Suður Dalasýslu
Silfurstjarnan hf
Skaftárhreppur
Sparisjóður Bolungarvíkur
Starfsmannafélag ÍSAL
Stepustöðin ehf
Tannlæknastofa Einars Magnússonar
Verkalýðsfélag Borgarness
Verkfræðistofa Jóns B Hafsteins
Verslunin H Sel
Vestmannaeyjabær
Véla-og Stálsmiðjan
Vélaverkstæði Hjartar Eiríkssonar
Vélstjórafélag Íslands
Vistheimilið Gunnarsholti
Vínret hf
Þrastarhóll ehf



SKÓGRÆKTARFÉLAG REYKJAVÍKUR

- ungt félag með áratuga reynslu
- vinnur að trjárækt og skógrækt í Reykjavík og víðar
- starfar með sveitarfélögum, einstaklingum og félagasamtökum

Skógræktarfélag Reykjavíkur
Fossvogsblettur 1 • 108 Reykjavík

HÚN HITTI NAGLANN (MOLANN) Á HÖFUÐIÐ



Á skógardegi skógræktarfélaganna sem haldinn var 17.-18. júlí sl. sumar var ýmislegt á boðstólum en skógardagarnir voru öðrum þæði tengdir 100 ára afmæli skógræktar á Íslandi sem minnst var með margvíslegum hætti á árinu.

Á vegum Skógræktarfélags Mosfellsbæjar var haldin samkoma í Hamrahlíð. Skrifað var undir samstarfssamning við Félag íslenskra hljómlistarmanna sem þeyttu horn og básúnur (sjá mynd). Auk þess var gengið um skógarstíga og komið við á nokkrum stöðum þar sem ákveðið þema hafði verið undirbúið.

Á einum póstinum var keppt í þraut sem reyndist mörgum um megn. Þrautin var í því fólgin að kljúfa sykursmola með exi eða flugbeittum samahnif. Molinn var lagður á þar til gerðan stökk. Komu fileldir karlmenn hver á fætur öðrum og spreyttu sig í góða stund við þrautina en hver af öðrum varð að játa sig sigraðan. Það var ekki fyrr en þessi unga stúlka (sjá mynd) (Laufblaðið lýsir eftir nafni hennar) fékk loksins að komast að að dró til



Skógræktarfélags Mosfellsbæjar í Hamrahlíð.

tíðinda. Ekki var að sökum að spyrja: sykursmolinn splundraðist í ótal parta og undrunarhrópin kváðu við.

Eftir þessa stórkostlegu afgreiðslu hjá skógardísinni sljákkaði mjög í karlpeningi enda komst enginn í hálfkvisti við ungu skógarstelpuna.

Við óskum henni til hamingju og vonumst til þess að hún láti vita af sér enda bíður hennar fallett jólatré sem Laufblaðið vill að hún og fjölskylda hennar fái að verðlaunum.





Lykillinn að góðu kvöldi

Skógrækt er landbúnaður

Landbúnaðarráðuneytið er fagraðuneyti skógræktar



Meginhlutverk Landbúnaðarráðuneytisins er að stuðla að þróttmiklum og sjálfbærum landbúnaði og öflugri matvælaframleiðslu til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur.



Viðamikil skógræktarverkefni eru skipulögð í öllum landshlutum. Markmið þeirra er meðal annars að klæða landið skógi, framleiða timbur og skapa atvinnu.



Í landinu er stunduð margskonar skógrækt af bændum, áhugamannafélögum, fyrirtækjum og einstaklingum.

Landbúnaðarráðuneytið stuðlar að framgangi þeirra verkefna auk þess sem það vinnur að vernd gróðurhulunnar og uppgræðslu foksvæða.



Skógurinn er auðlind sem mun kalla á ný störf á landsbyggðinni og stuðla að fegurri sveitum.

Landbúnaðarráðuneytið